

Skólaráð

Skólaráð Grunnskóla Grundarfjarðar kom saman í húsnæði skólans 23.11.2015 kl. 15:30

Mættir voru: Sigurður Gísli Guðjónsson skólastjóri, G. Björgvin Sigurbjörnsson aðstoðarskólastjóri, Sigrún Hilmarsdóttir og Eydís Lúðvíksdóttir fulltrúar kennara, Dóra Aðalsteinsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Rut Rúnarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Eygló Bára Jónsdóttir fulltrúi foreldra. Björg Ágústsdóttir fulltrúi foreldra og Karen Rut Ragnarsdóttir og Ágústa Hrönn Smáradóttir fulltrúar nemenda boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði G. Björgvin aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

1. **Niðstöður Skólapúl síns kynntar.** G. Björgvin kynnti helstu niðurstöður Skólapúl síns. Eygló Bára kom með fyrirspurn um hvernig staðið yrði að kynningu á Skólapúl sínum til foreldra. Það verður skoðað af skólastjórnendum.
2. **Starfsáætlun Grunnskóla Grundarfjarðar fyrir skólaárið 2015/2016 lögð fyrir.** Skólastjóri kynnti starfsáætlun og fór yfir helstu breytingar. Eygló Bára kom með fyrirspurn um hver væri lagalega reglan á bakvið tvöföldu dagana á skóladagatalinu. Sigurður svarar því að þetta sé á gráu svæði en leyfilegt. Starfsáætlun samþykkt af fulltrúum skólaráðs.
3. **Ytra mat.** Skólastjóri kynnti ytra matið. Sigurður kynnti í framhaldinu umbótaáætlun sem gerð var um haustið. Hún var kynnt og sýnd öllum fulltrúum. Umbótaáætlun var send til ráðuneytis en engin svör höfðu borist. Því var komið á framfæri að ytra matið yrði sett á heimasíðu.
4. **Breytingar á kennsluháttum.** Sigurður kynnti breytta kennsluhætti í skólanum. Komið var á teymiskennslu í stærðfræði á unglíngastigi sem byrjar vel að sögn skólastjórnenda og kennara.
5. **Tölvukaup og upplýsingatækni.** Sigurður sagði frá kaupum á tveimur nýjum skjávörpum og 10 tölvum sem staðsettar verða á bókasafni og- eða í tölvustofu. Fyrirspurn frá Sigrúnu um hvort hægt væri að skoða færanlega skjávarpa sem nýtast mætti fyrir list- og verkgreinastofurnar. Vel var tekið í þá hugmynd og stjórnendur skoða þann möguleika.
6. **Önnur mál.** Fulltrúar ræddu um tímasetningu næsta fundar og fulltrúar beðnir um að koma með tillögur. Allir voru sammála um að hittast tvisvar yfir skólaárið en skólastjóra var settur sá möguleiki á að kalla saman fleiri fundi ef þurfa þykir. Ákveðið að halda næsta fund Skólaráðs að vori en enginn föst dagsetning ákveðin.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið 16:15.